



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fundur með stýrihópi velferðarvaktar
um fátækt barna 4. maí 2010
Fátækt barna á Íslandi - rannsóknir

Guðný Björk Eydal
Prófessor í félagsráðgjöf

- Hversu mikil fátækt mælist meðal íslenskra barna skv. EU-SILC?
Samanburður Evrópu/OECD lönd
- Gagnrýni á hefðbundnar skilgreiningar
- Fátækt frá sjónarhorni barna

Barnafátækt á Íslandi?

- Takmörkuð vitneskja- fáar rannsóknir (Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson, 2000; Harpa Njáls, 2003; Cynthia Lisa Jeans, 2007)
- Að beiðni þm. Samfylkingar skýrsla forsætisráðherra desember 2006, forsætis- og félagsmálaráðuneytið framkvæmdu mælingu á barnafátækt hérlendis
- Engar opinberar samræmdar mælingar **þar til 2004 er Hagstofa Íslands hóf þátttöku í EU-SILC**: Skapar nýja möguleika á markvissum samanburði milli landa + WHO

Hagstofa Íslands/ EU SILC - hugtök

- **Lágtekjuhlutfall** (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall einstaklinga á einka heimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en lágtekjumörk.
- **Lágtekjumörk** í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu.

EU-SILC



- Skv. Hagstofu Íslands voru árið 2009 31.700 einstaklingar undir lágtekjumörkum (*at risk of poverty*)
 - Þar af eru 7800 börn (0-17 ára)
- Frá 2004 hefur á bilinu 10-11% barna verið undir lágtekjumörkum

Ísland: Lágtekjuhlutfall eftir heimilisgerð 2009


(Hagstofa Íslands, 2010)

Heimili án barna	13.2
Heimili með börnum	8.3
Einstætt foreldri með barn/börn	22.8
Tveir fullorðnir með 1 barn	5.8
Tveir fullorðnir með 2 börn	4.2
Tveir fullorðnir með 3 eða fl. börn	10.3

Hlutfall undir fátækarmörkum eftir aldri (Lelkes og 2008, Fig.6)




Hlutfall barnafjölskyldna eftir fjölda barna og hjúskaparstöðu foreldra (L. og Z. 2008, Fig. 7b)




OECD: Fátækt á heimilum með börn

(*Growing Unequal? 2008: Fig. 5.7*)



Eurostat birtir ekki upplýsingar um uppruna foreldra- stærri hópar foreldra sem hafa flutt til Norðurlanda eru undir lágtekjumörkum (A. West Pedersen, 2007: LIS 2000)



Skýringar á sterkri stöðu Norðurlanda

- Öflug atvinnustefna, betri launakjör
- Stuðningur velferðarkerfisins við vinnandi foreldra m.a. dagvist/fæðingarorlof
- Tekjutilfærslur (almannatryggingar, skattakerfi og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga)
- (Bardbury og Jäntti, 2001;2002; Lawrence og Ellwood, 2001; Meyers et al. 2001; Oxley et al. 2001; Solera, 2001, Sinfield og West Pedersen, 2006)

Gagnrýni á rannsóknir á fátæktar- og lágtekjumörk

- Gagnrýnendur benda á að þær nái einungis til tekna en ekki til útgjalda: J. Bradshaw er meðal þeirra sem hafa þróað aðferðafræði til að meta umfang réttinda miðað við ólíkar aðstæður barnafjölskyldna (Sjá t.d. Bradshaw og Finch, 2002; Unicef samþættur mælikvarði á efnahagslega stöðu barna)
- Barnafræðin gagnrýn á að fátæktarrannsóknir **beinist að foreldrum og bent á að nauðsynlegt sé að skoða fátækt frá sjónarhorni barna**

Áherslur barnafræða

- Í stað áherslu á áhrif fátæktar á barnið sem vinnandi framtíðarþegn er athyglinni beint að áhrifum fátæktar á líf skjör barna á hverjum tíma. “Children are human **beings** not only **human becomings**“ (Qvotrup, 1994:18)
- Barnið er rannsakað sérstaklega (*the statistical unit*) en ekki eingöngu sem hluti af fjölskyldu (Sjá t.d. Ridge, 2002).

Að ræða fátækt við börn?

Ingólfur Eiríksson 8 ára:

- ... Ingólfur tekur undir að hér á landi sé til efnalítið fólk, og bendir á að það sé jafnvel hægt að finna bágstödd börn í Melaskóla.
- ”Það er þó ekki alltaf hægt að sjá á börnum hvort þau eru fátæk því þau eru ekkert endilega í ljótari fötum en aðrir” Ingólfur telur að stundum sé fátækum krökkum strítt.
- “Það segir meira en mörg orð að ef maður er útundan getur maður orðið leiður og reiður og fengið þjáningar í hjartað. Það gerist ef maður á enga peninga og er strítt út af því. Mér finnst börnin í Írak vera mjög fátæk því þau hafa mörg hver þurft að flýja landið sitt og síðan er verið að stela af þeim. Það er hræðileg fátækt að láta sprengja húsið sitt í tætlur.”

(Viðtal í Uppeldi)

Barnarannsóknir hafa leitt í ljós að tekjur foreldra gefa ekki nauðsynlega upplýsingar um líf skjör barna

Nokkuð vel staðfest að stór hópur foreldra sem býr við tekjur undir skilgreindum lágmarkum veitir börnum sínum það sem þeir telja nauðsynlegt - þ.e. börn þeirra búa ekki við fátækt- á f.o.f. við um foreldra sem eru stuttan tíma undir fátæktar/lágtekjumörkum

(Sjá t.d. Bastos 2001; 2006; Harju 2005; Middleton *et al.*, 1997; Ridge 2002; 2006; Sandbæk 2004; Skevik 2005; Thorod 2006)

En ef börn fátækra foreldra geta búið við viðunandi kjör, geta þá börn foreldra með góðar tekjur liðið skort?

- Ef ganga á útfrá því að lífskjör foreldra endurspegli ekki endilega lífskjör barna þá er rétt að halda þeim möguleika opnum
- Getur átt við þegar að útgjöld foreldra eru meiri en tekjur, t.d. vegna veikinda, skulda, neyslu, spilafíknar, eða þær hafi fyrir fleirum að sjá en þeim sem teljast til heimilsins (t.d. innflytjendafjölskyldur sem þurfa að senda peninga til heimalandsins) (Sjá t.d. Skevik, 2005; Unicef, 2007)

Reykvísk börn, 10-12 ára ráðstafa eigin fé

(Jeans, 2007)

	Fjöldi	%
Kaupa hluti sem þau langar í en foreldrar vilja ekki kaupa	72	36
Kaupa hluti sem foreldrar hafa ekki efni á	22	11
Skemtanir	63	32
Sparnað	104	53
Nauðsynjar fyrir heimilið	8	4

Skýrsla nefndar um sálfélagsleg viðbrögð (NSV) við efnahagskreppunni

- Kjarninn í málflutningi finnskra fræðimanna að það sé ekki aðeins mannúðlegt að að **þetta sálfélagslega netið í kringum börn, unglinga** á tímum kreppu og atvinnuleysis, heldur sé það einnig að líkindum ódýrara en að gera það ekki, þegar horft er til lengri tíma...

Aðgerðir?

- NVS: Lagt til allir njóti ákveðinnar lífskjaratryggingar þannig að enginn fái lægri upphæð en lágmarksupphæð lífeyris til framfærslu (186.000).
- En rannsóknir frá barnasjónahorni kenna okkur að eitt er að tryggja foreldrum fé fyrir nauðpurftum og annað og mun flóknara verkefni er að tryggja að það dreifist með sanngjörnum hætti innan fjölskyldna
- Til að vinna gegn fátækt og áhrifum fátæktar á börn: Verðum að mæta **börnum á þeirra eigin forsendum** byggja aðgerðir á rannsóknum meðal barna til að fá innsýn í líf og aðstæður þeirra – slík þekking er efniviður til að þróa úrræði í nærumhverfi barna til að mæta þeirra þörfum

Niðurstaða skýrslu EU (2010)

- The monitoring of the risk of child poverty and of the well-being of children is a complicated matter, made more complicated by the nature of the subject- children themselves

- **Í ágúst 2010 Gestur RBF: Prófessor Tess Ridge, Bath UK**

- **Nokkrar gagnlegar heimildir:**

- *Child poverty and well being in the European Union* (2010). Budapest: Tarki.
- Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans (2008). Börn og fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3, 17-27. [Sækið á <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=113&Itemid=110>]
- Eurostat *Queen tree for theme page* http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page?_pageid=1996,44011812&_dad=portal&_schema=PORTAL&screen=welcomeref&open=/popul/livcon/ilc&language=en&product=EU_population_social_conditions&root=EU_population_social_conditions&scrollto=0
- Hagstofa Íslands: Hagtíðindi (Ýmis ár)
- *Growing Unequal? Income distribution and poverty in OECD countries.* (2008).
- Lelkes, O. & Zólyomi, E. (2008) *Poverty Across Europe: The Latest Evidence Using the EU-SILC Survey.*